HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

Björn Birnir á Kjarvalsstöðum:

Síðasta sýningarhelgin


BJÖRN BIRNIR sýnir um þessar mundir tæplega 60 verk, teikningar, kol- og akrílmyndir, í vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin stendur fram á þriðjudagskvöld.

Björn hefur áður haldið einkasýningar í Norræna húsinu 1977, Chicago I.V. 1979, Davenport Iowa 1979, auk þess sem hann hefur sýnt víðs vegar í Kanada. Hann stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum 1949—52. Lauk prófi í skeytilist og skiltagerð frá Bergenholts Dekorations Fagskole í Danmörku 1955 og prófi í fjarvíddar-, flatar- og rúmteikningu við Indendors Arkitekt Akademie. Árið 1979 lauk hann svo MS-prófi við Indiana State University í Terrehaute.

— Já, það hefur vissulega orðið mikil breyting hjá mér síðan ég sýndi í Norræna húsinu 1977, sagði Björn Birnir við blm. Mbl. — Umhverfisbreytingin hefur haft sín áhrif. Ég veit ekki hvort sjá má áhrif bandarískrar málaralistar í verkum mínum, en hitt fer ekki á milli mála, að umhverfið setur sitt mark á það sem maður fæst við. Ég var þarna í Terrehaute í Indiana í svokölluðum Graduate School, sem er nokkurs konar framhaldsskóli eftir háskólanám. Þar líta prófessorarnir til manns með ákveðnu millibili, gefa manni einkunn og eru til ráðgjafar. Og þess er vel gætt, að maður hafi allt til alls. Aðstaðan þarna var frábær og kennslan einnig, og dvölin þarna var mér afar mikils virði.

— Um stíltegundir get ég aðeins sagt það, að ég er engri þeirra trúlofaður, en hyllist til að mála afstrakt í olíu og akríl, en fígúratíft þegar ég teikna eða mála í vatnslit, sagði Björn að lokum.

Sýningin er opin daglega frá kl. 14—22 fram á þriðjudagskvöld 9. september.



Björn Birnir við eitt verka sinna á sýningunni í vestursal Kjarvalsstaða.



Frá sýningu Septem '80. Ljósm. RAX.

Myndlist:

Septem '80 á Kjarvalsstöðum

Í DAG kl. 14.00 verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin Septem '80. Er þetta sjöunda sýning Septem-hópsins svokallaða, þeirra Guðmundu Andrésdóttur, Jóhannesar Jóhannessonar, Karls Kvarans, Kristjáns Davíðssonar, Sigurjóns Ólafssonar, Valtýs Péturssonar og Þorvalds Skúlasonar, en Steinþór Sigurðsson, sem hefur sýnt með hópnum, er ekki með að þessu sinni.

Á sýningunni eru 60 olíumálverk og 5 skúlptúrverk. Til greina getur komið að sýningin verði sett upp í Gallerí Háhóli á Akureyri, er sýningartíma lýkur á Kjarvalsstöðum, 21. september.

Sjá nánar um sýninguna á miðopnu Mbl.



Útbreiðslunefnd Fyrsta ráðs málfreyja á Íslandi.

Málfreyjur kynna starfsemi sína

Í DAG kl. 14.00 hefst kynningarfundur Málfreyjufélagsins í félagsheimilinu Rein á Akranesi. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir:

„Samtökin hafa nú gefið út handbók á íslensku og gerir það útbreiðslustarfið mun auðveldara. Væntanlega verða fleiri kynningarfundir haldnir úti á landsbyggðinni á næstunni.

Á þessu ári eru liðin 7 ár frá stofnun fyrstu málfreyjudeildarinnar, Keflavíkurdeildarinnar. Nú eru starfandi tvær deildir í Keflavík, ein í Hafnarfirði og þrjár í Reykjavík.

Markmið samtakanna er að stuðla að frjálsum og fordómalausum umræðum á hvaða sviði mannlífsins sem er. Mikil áhersla er lögð á tjáningu, en í því felst æfing í að semja ræður og flytja, eða taka til máls á opinberum vettvangi. Annar liður er fundarstjórn og fundarsköp, samstarfshæfni og því að þjálfa forystuhæfileika.

Fundurinn á Rein er haldinn til að kynna tilgang og starfsemi Alþjóða málfreyjudeilda (International Toastmistress' Club). Boðið verður upp á kaffi og er öllum heimill aðgangur.

Bíóin um helgina

Tónabíó sýnir myndina **Hnefinn** (F.I.S.T.), sem byggð er á ævi eins voldugasta verkalýðsforingja Bandaríkjanna. Í aðalhlutverkum eru Sylvester Stallone, Rod Steiger og Peter Boyle.

Laugarásbíó hefur nýhafið sýningar á rokkmyndinni American Hot Wax. Í aðalhlutverkum Tim McIntire, Chuck Berry og Jerry Lee Lewis.

Gamla bíó sýnir nýja ensk-bandaríska mynd, International Velvet. Aðalhlutverk leika Tatum O'Neal, Christopher Plummer og Nanette Newman.

Stjörnubíó sýnir myndina Löggan bregður á leik (Hot Stuff), sem fjallar í léttum dúr um nokkuð óvenjulegar aðferðir lögreglunnar við að handsama fanga. Aðalhlutverk: Dom DeLuise, Jerry Reed, Luis Avlos og Suzanne Pleshette.

Hafnarfjarðarbíó sýnir í dag myndina Ævintýrið í orlofsbúðunum með Robin Askwith og á morgun, sunnudag, Skot í myrkri, Clouseau-mynd með Peter Sellers.

Bæjarbíó sýnir myndina Rothöggið, gamansama mynd um einkaspæjara.

Austurbæjarbíó sýnir nýja bandaríska gamanmynd, Frisco Kid. Aðalhlutverk leika Gene Wilder og Harrison Ford.

Háskólabíó sýnir nýja bandaríska stórmynd, Flóttinn frá Alcatraz. Í aðalhlutverkum eru Clint Eastwood, Patrick McGoohan og Roberts Blossom.

Hafnarbíó sýnir myndina Undrin í Amityville, bandaríska hrollvekju með Rod Steiger og James Brolin.

Nýja bíó sýnir Óskarsverðlaunamyndina A Triumph, með Sally Field í aðalhlutverki. Myndin fjallar um baráttu starfsmanna í dúkaverksmiðju í einu Suðurríkja Bandaríkjanna fyrir stofnun félags eða samtaka til að ná fram kjarabótum.

Regnboginn. Salur A: Sólarlandaferð, ný sænsk gamanmynd. Salur B: The Reivers, ævintýramynd í gamansömum dúr með Steve McQueen. Salur C: Vesalingarnir, Les Miserables, byggð á sögu Victor Hugo. Aðalhlutverk: Anthony Perkins og Richard Jordan. Salur D: Fæða guðanna, byggð á sögu H.G. Wells. Aðalhlutverk Majore Gornter, Pamela Franklin og Ida Lupino.

Borgarbíó sýnir myndina Óður ástarinnar (Melody in Love). Leikstjóri Franz X. Lederle. Tónlist Gerhard Heinz. Aðalhlutverk Melody Bryan, Sascha Hehn og Claudine Bird.